

FRAMKVÆMDAÁÆTLUN 2020-2025

VEGNA UMHVERFISVOTTUNAR SVEITARFÉLAGANNA Á **VESTFJÖRÐUM**

SAMKVÆMT STAÐLI EARTHCHECK



UMHVERFISVOTTUN Á VESTFJÖRÐUM

Framkvæmdaáætlun sveitarfélaganna á Vestfjörðum 2019-2024

vegna umhverfisvottunar samkvæmt staðli EarthCheck fyrir sveitarfélög

Áætlunin var tekin saman af Línu Björgu Tryggvadóttur og Maríu Maack og byggir hún að miklu leyti á eldri framkvæmdaáætlunum. Áætlunin var endurskoðuð og uppfærð í byrjun árs 2019. Hún var yfirfarin af níu sveitarfélögum og framkvæmdarráði umhverfisvottunar Vestfjarða og er hér samþykkt með undirskriftum Framkvæmdarráðs. Uppfært maí 2020

Samþykkt í maí 2020

Ólafur Þór Ólafsson, Tálknafjarðarhreppi

Aðalbjörg Signý Sigvaldadóttir, Strandabyggð

Embla Dögg Backmann Reykhólahreppi

Eva Sigurbjörnsdóttir, Árneshreppi

Finnur Ólafsson, Kaldrananeshreppi

Jón Páll Hreinsson, Bolungarvíkurkaupsstað

Bragi Þór Thoroddsen Súðavíkurhreppi


Birgir Gunnarsson, Ísafjarðarbær

Rebekka Hilmarsdóttir, Vesturbyggð

Formáli.....	4
1. Inngangur	5
„Jörðin á skilið meira en hálfkák“	5
(„The Earth deserves more than half measures“).....	5
2. Um Vestfirði.....	7
1.1 Veðurfar.....	8
2.2 Jarðfræði og jarðsaga	8
2.3 Landslag og líf	9
2.4 Umhverfisvernd	10
2.5 Menning og saga	11
3. Af hverju umhverfisvottun?	14
4. EarthCheck og umhverfisvottunarkerfið	14
5. Stjórnun og framkvæmd verkefnisins	16
6. Afmörkun verkefnisins	17
7. Hvað er skoðað í umhverfisvottun?	18
8. Sjálfbærnistefna Vestfjarða	19
9. Verkefni framkvæmdaáætlunar 2020-2025.....	21
10. Lokaorð	23
Heimildir	25
Viðauki I Dæmi um skráningu.....	26

Myndaskrá

Mynd 1.Skýringarmynd af þremur undirstöðum sjálfbærrar þróunar.....	5
Mynd 2 Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna í kynningu félags sameinuðu þjóðanna á Íslandi.	6
Mynd 3 Fjöldi karla og kvenna í sveitarfélögum á Vestfjörðum 1. jan 2020 Hagstofa Íslands.....	7
Mynd 4 Mælt meðalhitastig áráanna 1961-90 sýnt sem hæsta, meðal og lægsta gildi hvern dag	8
Mynd 5 Meðaltalsúrcoma á Íslandi árin 1931-1960. Veðurstofan	8
Mynd 6 Verndarsvæðið við Dynjandifoss. Grænar útlínur marka friðlandið en þær bláu sýna vatnsverndarsvæði fossins. (Umhverfisstofnun, Dynjandi-verndar og stjórnunaráætlun 2015-2015)	11
Mynd 7 Yfirlit um verndarsvæði Breiðafjarðar	11
Mynd 8 Steinrunnar skessur í Kollafirði á Ströndum.....	12
Mynd 9 Skipurit og verkaskipting	16

A photograph showing two vibrant red mushrooms with white spots growing in a natural, somewhat rocky and vegetated environment. The mushrooms are the central focus, surrounded by various low-growing plants with reddish and green leaves, and some dry, greyish twigs. The background is a mix of these natural elements, creating a textured and colorful scene.

Fyrri huti: Fjallað er stuttlega um aðstæður á Vestfjörðum. Farið er yfir jarðfræði og náttúrufar, menningu, sögu og samhengi við náttúruvernd



Formáli

Sveitarfélögin níu á Vestfjörðum hafa hlotið vottun fyrir starfsárin 2016 og 2020 frá áströlsku umhverfisstofnun EarthCheck (hér eftir skammstafað EC). Þar á undan fengu þau viðurkenningu fyrir að standa viðmið EC (svokallað Benchmarking) fyrir starfsárin 2013-2015 Þessi vottun er viðurkenning á því að sveitarfélögin vinni markvisst að úrbótum í umhverfis- og samfélagsmálum í starfsemi sinni og í átt til sjálfbærari starfshátta. Nú halda þau silfurvottun vegna reglulegra og góðra skila og batnandi starfshátta. Gullvottun fæst eftir 10 ára þrotlausu vinnu.

Á haustþingi 2019 samþykktu sveitarfélögin enn fremur að halda starfinu áfram og vinna að því eins og krafist er þannig að sveitarfélögin sýni með gögnum stöðugar úrbætur í umhverfis- og samfélagsmálum.

Á hverju ári kemur óháður úttektaraðili á vegum EC og kannar starfsemi sveitarfélaganna og skýrslugögn. Hann leggur mat á gögnin og frammistöðuna miðað við stefnu og áætlanir á fjölmörgum sviðum sem fjallað er um hér síðar. Hann skilar skýrslu um úttektina til EC, ásamt mati á því hvort sveitarfélögin standist viðmið samtakanna. Með því að vinna að árlegri vottun eru sveitarfélögin að skuldbinda sig til þess að taka framförum í umgengni sinni við náttúruna í öllum ákvörðunum og að tryggja sjálfbæra nýtingu þeirra auðlinda sem eru á svæðinu.

Verkefnastjóri á vegum Vestfjarðastofu heldur utan um verkefnið en hugmyndin kemur upprunalega frá Ferðamálasamtökum Vestfjarða.

Framkvæmdaáætlun er eitt af grundvallarskjölum verkefnisins. Hér birtist stefnan og hugmyndir um áfanga í helstu umhverfistengdu verkefnum sveitarfélaga á næstu árum.

Áætlunin er útfærð í skilgreindum og tímasettum verkefnum framkvæmdaáætlunar, með mælikvörðum og er það eitt mikilvægasta skjal vottunarferlisins. Við vinnslu þessa skjals er stuðst við ramma þann sem EC setur og vinnu sveitarfélaganna á Vestfjörðum. Enn fremur eru notaðar upplýsingar frá Umhverfisstofnun og umhverfissráðuneyti um aðgerðaráætlanir og skýrslur um stöðu umhverfismála.

Framkvæmdaáætlun er til fimm ára og endurskoðuð árlega. Síðast fjölluðu sveitarstjórnir sveitarfélaganna á Vestfjörðum um hana um mitt ár 2019 og var hún þá samþykkt.

Reykholum 30. apríl 2020

Lína Björg Tryggvadóttir Verkefnastjóri

María Maack Verkefnastjóri



1. Inngangur

„Jörðin á skilið meira en hálfkák“.


(„The Earth deserves more than half measures“)

Þetta eru einkunnarorð umhverfsvottunarsamtakanna EC¹. Miðað við alþjóðaskýrslur og umræðu þá eru þessi einkunnarorð ekki úr lausu lofti gripin. Háværar raddir um afleiðingar loftslagsbreytinga og nauðsyn umhverfisverndar og sjálfbærni berast að hvaðanæva. Hugtakið „sjálfbær þróun“ er leiðarstef breytinga í rétta átt og er notað til hliðsjónar í allri vinnu sem snýr að umhverfismálum og framtíðarskipulagi. Skilgreiningin á sjálfbærri þróun er að notkun mannsins á auðlindum jarðar í dag megi ekki skerða möguleika komandi kynslóða til að fullnægja sínum þörfum.

Hugtakið sjálfbær þróun kom fyrst fram um 1980. Þar er til þess mælst;

- að ekki sé gengið á forða náttúrunnar heldur leitast við að nota endurnýjanlegar auðlindir á hófsaman hátt, þannig að endurnýjun nái að eiga sér stað.
- að ekki hljóttist mengun eða umhverfisspjöll af notkun auðlinda.
- að gætt sé að jafnræði allra þegna, einnig barna
- að hagkerfið taki mið af hringrásum efna í vistkerfinu og nýti orku frá endurnýjanlegum orkulindum
-

Oft er vitnað til þriggja stoða sjálfbærrar þróunar. Þær eru umhverfi, samfélag og efnahagur.



Mynd 1. Skýringarmynd af þremur undirstöðum sjálfbærrar þróunar

¹ <http://earthcheck.org>




Í umhverfsvottunarkerfinu VAKINN, gæðavottunarkerfi ferðaþjónustu, er þetta orðað þannig:

**SJÁLFBÆR ÞRÓUN GERIR KRÖFU UM JAFNVÆGI MILLI ÞRIGGJA STÖÐA. INNAN
UMHVERFISINS LIFIR SAMFÉLAGIÐ OG INNAN SAMFÉLAGSINS VERÐUR HAGKERFIÐ TIL. VIÐ
HVERJA ÁKVÖRDUNARTÖKU FYRIRTÆKIS ÞARF ÞVÍ AÐ TAKA TILLIT TIL SAMFÉLAGSLEGRA-
OG UMHVERFISLÆGRA GILDA TIL JAFNS VIÐ EFNAHAGSLEGA HAGSMUNI.**

Í starfsemi fyrirtækja, sveitarfélaga og ríkja er nú tekið mið af sjálfbærri þróun, til dæmis með því að beita mati á umhverfisáhrifum áætlana og fjárfestinga. Segja má að stöðugt greinilegri áhrif loftslagsbreytinga hafi vakið menn til dáða. Íslensk lög taka mið af sjálfbærri þróun.

Sjálfbær þróun hefur verið á dagskrá þróunarsamvinnu Sameinuðu þjóðanna frá 1972 og flestir kannast við regluleg þing um umhverfi og þróun þar sem samþykktir, dagskrár, alþjóðlegir samningar og þróunaraðstoð er rædd til að þoka samfélögum manna í átt að sjálfbærri þróun. Þessir sáttmálar miða að vernd náttúru og auðlinda, jafnari skiptingar milli heimshluta og kynslóða og félagslegu jafnrétti.

Sameinuðu þjóðirnar hafa frá því 1992 skilgreint 17 markmið fyrir sjálfbæra þróun í heiminum og eru þessi markmið að verða meira áberandi í markmiðssetningu og kynningu fyrirtækja og félaga.



Mynd 2 Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna í kynningu félags sameinuðu þjóðanna á Íslandi.


Ef marka má hnignun vistkerfa Jarðar er ljóst að fram til þessa hefur mun minni áhersla verið lögð á umhverfisþáttinn en hina tvo. Með því að vinna að umhverfsvottun sveitarfélaganna á Vestfjörðum hafa þau sýnt það í verki að unnið sé í anda sjálfbærrar þróunar þannig að vart verður framfara í



umhverfis- og samfélagsmálum. Í þessari framkvæmdaáætlun er gerð grein fyrir helstu kröfunum sem EC - samtökin gera til starfsemi sveitarfélaga svo að þau eigi möguleika á vottun, ásamt frumkvæði að þeim verkefnum sem fyrirhugað er að ráðast í á árunum 2020-2025.

2. Um Vestfirði

Á Vestfjörðum eru níu sveitarfélög. Þau eru: Árneshreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Kaldrananeshreppur, Reykhólahreppur, Strandabyggð, Súðavíkurhreppur, Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð. Fjöldi hvers þeirra og breytingar undanfarin þrjú ár eru sýnd á mynd 3. Karlar eru alls staðar örlítið fleiri en konur. Þeir eru sýndir vinstra megin í hverju súlupari á mynd 3.



Mynd 3 Fjöldi karla og kvenna í sveitarfélögum á Vestfjörðum 1. jan 2020 Hagstofa Íslands


Vestfirðir eru 8,700 km² sem er um 8,5% af flatarmáli Íslands. Landslagið er einkennandi: djúpir firðir og stuttir dalir umluktir háum fjöllum með fallegum fossum. Á Vestfjörðum er dreifð og fámenn byggð, mikil náttúrufegurð og vinaleg samfélög. Má þar telja Djúpvík, Vigur, Látrabjarg, Ósvör, Skálavík,



Hornstrandir og Dynjandi en þar fyrir utan eru margir fallegir og áhugaverðir bæir og staðir sem vert er að skoða.


2.1 Veðurfar

Vestfirðir eru baðaðir grein úr Golfstraumnum og veðurfarið er mildara en við má búast miðað við norræna hnattstöðu. Myndirnar hér fyrir neðan sýna annars vegar meðalhita á Lambavatni sem er skammt frá Patreksfirði. Hitastigsferlarnir sýna meðaltal árána 1961-1990. Efst er hæsta hitastig dagsins, í miðjunni er meðalhiti dagsins, og neðst er lægsta hitastig dagsins í hverjum mánuði. Meðalhitastig við strendur Vestfjarða er á milli -2 og 0°C í janúar. Á hálendinu er það milli -6 og -4 í janúar (Veðurstofa Íslands, 2019).



Mynd 4 Mælt meðalhitastig árána 1961-90 sýnt sem hæsta, meðal og lægsta gildi hvern dag.

Á Íslandi öllu er úrkoma ríkuleg, einkum á sunnan og vestanverðu landinu. Á myndinni er úrkomu skipt í 5 flokka. Á Vestfjörðum má búast við úrkoma á hálendinu á bilinu 600-3999mm árlegri úrkoma.



- 1 er <600mm á ári,
- 2 er 600-1199mm,
- 3 er 1200-1999mm,
- 4 er 2000-3999mm og 5 er yfir 4000 mm árleg úrkoma.

Mynd 5 Meðaltalsúrkoma á Íslandi árin 1931-1960. Veðurstofan.

2.2 Jarðfræði og jarðsaga

Hlutar Vestfjarða og jarðlög austast á Íslandi eru taldir elsta brot Íslands

sem reis upp úr Atlantshafi og eru enn ofar sjávarmáls. Elstu berglög sem fundist hafa á Íslandi eru í Skálavík, utan Bolungarvíkur. Þau eru talin vera frá Miocene tíma eða frá því fyrir um 16 milljónum ára. Ísland stækkar með hverju eldgosi út frá gosbeltunum við miðju og suðvesturhorni, en smám saman leita eldri berglög til austurs og vesturs aftur í djúp sjávar út frá Atlantshafshryggnum. Nýja gosefnið fergir berglögin inn til landsins. Þetta sést glögglega á jarðlögum á Vestfjörðum og Austfjörðum. Þau halla niður í átt að miðju landsins.² Vestfirðir eru nú mótaðir mun meira af jöklum en þeim eldstöðvum sem skópu svæðið í byrjun. Jöklarnir hafa skorið djúpa firði og dali inn í hásléttuna sem einu sinni voru Vestfirðir.³ Þrátt fyrir að eldvirkni sé nú útkulnuð þá hafa Vestfirðingar sum staðar enn aðgang að heitum uppsprettum, sem nýttar eru í náttúrulegar og kyndingu húsa. Þetta er þó ekki hægt nema á örfáum stöðum. Þess vegna er víðast hvar kynt með rafmagni, sem er mun dýrara heldur en að nota jarðhita.

Elstu steingervingar sem fundist hafa á Íslandi eru frá Vestfjörðum. Þetta eru plöntuleifar, laufblöð og surtarbrand til dæmis í Stálfjalli en minna er um steingerð dýr. Íslensk lög og reglugerðir banna það að steingervingar séu fjarlægðir af fundarstað nema með formlegu leyfi umhverfisráðuneytisins. Íslenskir steingervingar segja mikið um jarðsögu landsins og er stór hluti jarðfræðilegs arfs okkar sem þjóðar. Það að steingervingar séu færðir til eða skemmdir rýrir gildi þeirra og staðsetning þeirra er þá glötuð.⁴

2.3 Landslag og lífríki

Hefðbundin ímynd Vestfjarða er sjósókn. Í sveitum Strandabyggðar og Reykhóla er mikil sauðfjárrækt. Einnig er mikil dúntekja og þörungasláttur við Breiðafjörð. Helstu atvinnuvegirinnir eru útgerð, fiskvinnsla, verslun og þjónusta og nú ferðaþjónusta og laxeldi. Vegna þess hve byggðin er dreifð er auðvelt að vera einn á ferð og auðvelt er að nálgast dýr og fugla í sínu náttúrulega umhverfi. Vestfirðir eru heimahagar heimskautarefsins. Hann er best að nálgast í Hornstrandafriðlandinu, en þar er hann verndaður. Hornstrandir er nyrsti hluti Vestfjarðakjálkans, 580 km² þar sem byggð hefur lagst af og einkennist af grösugum víðernum og þverhniptum þéttsetnum fuglabjörgum við Horn og Hælavík. Fuglarnir sækja fæðu í sjóinn. Sömu sögu er að segja af Látrabjargi, sem er vestasti oddi Íslands og Evrópu. Í Látrabjargi lifir hátt í helmingur sumra sjófuglastofna. Lundinn er einkennisfugl þessa hæsta fuglabjargs í heimi. Auk bjargfugla gefur að líta vaðfugla, æðarfugl, rjúpu, fálka, erni og snæuglur í sínum réttu heimkynnum. Einnig er algengt að hægt sé að sjá bæði seli og hvali á Vestfjörðum þökk sé þjóðveginum sem liggur með ströndinni og ríkulegs ætis í fjörðum. Á haustin má sjá Íslendinga af öllu landinu flykkjast í berjamó á Vestfjörðum.

² Ari Trausti Guðmundsson, 1982 Ágrip af jarðfræði Íslands, Örn og Örlygur

³ Sigurður Steinþórsson, 2009.

⁴ Náttúrufræðistofnun Íslands. (e.d.).

Af Vestfjörðum fást líflömb fyrir allt landið þar sem svæðið er laust við sauðfjársjúkdóma sem hafa stungið upp kollinum annars staðar. Sauðfé er á beit í hálendinu yfir sumarið og það er mikið verk að smala allt þetta svæði á haustin.

Á Vestfjörðum er um þriðjungur strandlengju Íslands. Strandlengjan myndar sums staðar ljósar strendur þrátt fyrir að svartí basalt-liturinn sé algengastur. Rauðisandur er sennilega þeirra frægust en þar er sandurinn rauður vegna skeljabrota úr hörpudiski. Í landi Holts í Önundarfirði er sandurinn gulur vegna mylsnu úr kúfkel og beitukóngi.

2.4 Umhverfisvernd

Sveitarfélögin á Vestfjörðum, íslenska ríkið og Umhverfisstofnun hafa unnið saman að því að setja vistgerðir, vistkerfi og tegundir undir sérstaka vernd í samræmi við lög um náttúruvernd. Lögini miða að vernd og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda en eiga einnig að auðvelda umgengni og kynni almennings af náttúrunni án þess að spilla lífi, landi, lofti eða legi. (sjá lög nr. 60 /2013). Stór hluti Vestfjarða er nú á verndarsvæði. Í dag njóta 2000.4 km² vestfirsk lands verndar af einhverju tagi en það er nærri fjórðungur heildarlands á Vestfjörðum.


Svæði sem eru friðlýst á Vestfjörðum: ⁵

- ✓ Hornstrandir urðu friðland árið 1975. Þar eru 580 km² af mannláusri náttúru og menningarminjum.
- ✓ Dynjandi og aðrir fossar í Dynjandisá voru friðlýstir sem náttúruvætti árið 1981. Þar eru 700 m² lands sem njóta verndar.
- ✓ Surtarbrandsgil var friðlýst sem náttúruvætti árið 1975. Tilgangur friðlýsingarinnar er að vernda steingerðar leifar gróðurs sem er að finna í millilögum, einkum surtarbrand og leirlögum. Þetta eru leifar gróðurs sem klæddu landið á tertíer-tímabilinu.
- ✓ Hrísey var friðlýst árið 1977. Grösug eyja úti fyrir Reykhólasveit. Vegna fuglaverndunar er óheimilt að fara um svæðið frá 15. apríl til 15. júlí. Friðlandið fellur innan verndarsvæðis Breiðafjarðar sbr. lög nr. 54/1995.
- ✓ Vatnsfjörður var friðlýstur árið 1975. Tilgangur friðlýsingar er að vernda náttúru landsins á þann hátt að fólki gefist kostur á að njóta hennar.
- ✓ Friðun um 10km² Látrabjargs er enn í ferli 2020
- ✓ Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð lauk árið 2019. Svæðið skiptist milli 6 sveitarfélaga en um helmingur fellur undir tvö vestfirsk sveitarfélög, Vesturbyggð og Reykhólahrepp (sjá mynd 6).

⁵ Umhverfisstofnun. (e.d.).



Mynd 6 Verndarsvæðið við Dynjandifoss. Grænar útlínur marka friðlandið en þær bláu sýna vatnsverndarsvæði fossins. (Umhverfisstofnun, Dynjandi-verndar og stjórnunaráætlun 2015-2015)



Mynd 7 Yfirlit um verndarsvæði Breiðafjarðar

2.5 Menning og saga

Hafsvæðið út af Vestfjörðum eru gjöful fiskimið. Þar mætast heitir og kaldir hafstraumar og velta upp næringarefnum og mikið æti er að hafa fyrir fugla, hvali og fiska. Vestfirðingar eiga sér langa sögu og var svæðið með þeim fyrstu á landinu sem víkingarn frá Noregi ákváðu að byggja. Það hefur í raun verið



samfelld byggð á Vestfjörðum síðan land var numið á 9. öld. Hrafna-Flóki, sá sem gaf landinu nafnið Ísland, tók sér bólfestu í Vatnsfirði á Barðaströnd ⁶.

Hefðir og arfleifð skipa stóran sess í vestfirskri menningu. Sterk tengsl eru á milli fólksins sem byggir svæðið og sjávarins eins og sést á vestfirskri matarmenningu og bátavegna. Hafnir eru hjarta hvers bæjar. Þrjú söfn á Vestfjörðum byggja sýningarkost sinn á sjávarmenningu. Þau sýna okkur hvernig lífið snerist um sjósókn og sjávarnytjar um aldir. Enn rennir sjávarútvegur og fiskeldi sterkum stoðum undir samfélagið. Mennta- og sjávarútvegur björgi i sjó, eyjar og björgin til að þreya Þorrann og Góuna.

Þjóðsagna- og menningararfur Vestfirðinga er vel nýttur. Galdrasafnið á Hólmavík styðst bæði við sögulegar staðreyndir um galdrabrennur en jafnframt við þjóðsögur um galtra og álög. Skrímslasetrið á Bíldudal sýnir hugmyndir þjóðarinnar um skelfilegar verur til fróðleiks íslensku og erlendum gestum. Hlunnindasýningin á Reykhólum gerir æðarfugli og bátum hátt undir höfði en á þeim byggðist afkoman á stórum hluta hér áður fyrr. Sauðfjársetur og sjóminjasöfn

Vestfirðingar eru stoltir af þessari arfleifð og allflestir þekkja sögur úr sínu nánasta umhverfi af álfum, tröllum eða jafnvel skrímslum. Vel þekkt er sagan um tröllin sem vildu losa Vestfirði frá meginlandinu. Tröllin byrjuðu að moka að kvöldi til og grófu Kollafjörð úr austri og Gilsfjörð úr vestri. Jarðveginum sem mokað var í burtu hentu þau í sjóinn sitt hvoru megin og myndaði það eyjarnar á Breiðafirði en Húnaflóinn er svo djúpur að þar fór allt á kaf. Afraksturinn sést í því hversu stutt landræma tengir Vestfirði við Ísland. Sagan hermir einnig að þegar sól reis á ný urðu tröllin að steini sem sjá má enn í dag sem háa klettadranga.



Mynd 8 Steinrunnar skessur í Kollafirði á Ströndum

⁶ Árnastofnun. (e.d.)



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA



Vestfjarðastofa

Seinni hluti: Umhverfissvottun.
Vðimið og rammar Earth
Check. Stefna, verkefni og
framkvæmd þeirra.



3. Af hverju umhverfisvottun?

Á Fjórðungsþingi Vestfirðinga sem haldið var í Súðavík þann 1. og 2. september 2006 var ályktað um að Vestfirðir ættu að vera stóriðjulaust svæði. Sú ákvörðun sveitarfélaganna níu að vinna í sameiningu að því að fá starfsemi sína umhverfisvottaða er skref í þá átt að skapa þekkingarsamfélag með sjálfbærni að leiðarljósi. Líklegt er að það hafi jákvæð áhrif á markaðssetningu á hverskonar afurðum er koma frá svæðinu og vekji athygli ferðamanna og þjappi íbúum saman. Fjögur sveitarfélög af níu á Vestfjörðum samþykktu Staðardagskrá 21 á sínum tíma og eru það sveitarfélögin; Ísafjarðarbær, Strandabyggð, Reykhólahreppur og Tálknafjarðarhreppur.

4. EarthCheck og umhverfisvottunarkerfið

EarthCheck eru alþjóðleg vottunarsamtök með höfuðstöðvar í Ástralíu. Samtökin hafa umsjón með EC vottunarkerfinu, sem byggir á hugmyndafræði Staðardagskrár 21 (Local Agenda 21) um sjálfbæra og ábyrga þróun í samræmi við ályktanir heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Ríó 1992. EC eru einu umhverfisvottunarsamtökin í heiminum sem votta samfélög, en einnig votta þau ferðaþjónustuaðila. Til að hljóta umhverfismerki EC þarf að fara í gegnum þrjú ferli og eru þau þessi:

1. Skráning og greiðsla fyrir vottunarkerfi EC. Undirbúningur að ferlinu, stefnumótun, skipan í framkvæmdaráð og grænt teymi, fræðsla upplýsingadreifing og fleira. Samþykkt framkvæmdaáætlunar
2. Skil gagna frá hverju sveitarfélagi og greining stöðu hverju sinni með mælingum á tölulegum vísum. Eftir árleg skil mælinga eru niðurstöður sendar til vottunarsamtakanna, sem meta hvort lágmarksviðmiðum hafi verið mætt og framfarir eru greindar. Ef þessu er náð fer málið á 3. þrep.
3. Úttekt og vottun frá EC. Viðurkenndur óháður vottunaraðili tekur starfsemina út og kannar hvort gögn séu rétt og í samræmi við staðla EC. Einnig er árangur borinn saman við framkvæmdaáætlunina. Hafi henni verið fylgt, er veitt vottun til eins árs í senn. Þessi vottun felur í sér að samfélagið/ferðaþjónustuaðili skuldbindi sig til að vinna að stöðugum úrbótum.

Þeir aðilar sem hafa farið í gegnum þetta ferli og standast settar kröfur fá í skrefi 3 umhverfismerki EC og sýna þar með að þeir vilji stuða að sjálfbærri þróun í sinni starfsemi. Merkið nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar þar sem samtökin hafa vottað aðila í meira 50 þjóðlöndum í öllum heimsálfum.

Staðallinn sem vottunarsamtökin vinna eftir veitir samfélögum ramma til þess að mæla frammistöðu sína og vinna að stöðugum úrbótum í umhverfis- og samfélagsmálum. Hann byggir á sex meginstoðum:



- Trygg stjórnun samfélagsins og tengsl við vottunarkerfið.
- Gildandi lögum og reglugerðum er fylgt í hvívetna.
- Sjálfbærnistefna í umhverfis- og samfélagsmálum.
- Framkvæmdaáætlun til fimm ára í senn, sem er endurskoðuð árlega.
- Skráningar- og vöktunarkerfi til að fylgjast með árlegri frammistöðu á 12 sviðum og aflað er frá hverju sveitarfélagi.
- Öflugt samráð við alla hópa samfélagsins, þannig að íbúar eigi þess kost að taka þátt í stefnumótun og koma athugasemdum á framfæri. Einnig er sett upp og framfylgt kynningaráætlun um framgang verkefnisins.

Í forskrift EC er rammi sem Ferðamálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNWTO) hefur sett um sjálfbæra ferðaþjónustu eða skipulag ferðaþjónustu til að styðja þróun í fátækari ríkjum heims. Þessi listi er unnin með efnahags- og framfarastofnun Asíuríkja (APEC) sem er samsvarandi efnahags- og framfarastofnun Evrópu (OECD). Yfirlýsing þeirra ber þess greinilega merki að vera hönnuð sem gátlisti og siðareglur fyrir ferðaþjónustu á svæði sem býr við aðrar aðstæður en hér tíðkast. Gátlistinn er engu að síður góður rammi. Listinn fylgir hér á eftir í lauslegri þýðingu Maríu Maack

1	Vernda umhverfi, vistkerfi og náttúrulega tegundauðgi
1.1	Styðja við náttúruvernd og svæðisbundna friðun
1.2	Hvetja sveitarstjórnir til að meta gildi svæða í þeirra umsjón með vernd í huga
1.3	Koma fyrir innviðum og mannvirkjum sem vernda ferðamannastaði gegn skemmdum af völdum ágangs
2	Virða staðbundna menningu
2.1	Taka jafnt tillit til allra, óháð kyni eða aldri í skipulagi ferðaþjónustu.
2.2	Þjóða almenningi tækifæri til að taka þátt í umræðum um skipulag ferðaþjónustu
2.3	Vekja athygli yfirvalda á því hvaða menningar og náttúruminjar hafa verndargildi og gæta að því að starfsemi gangi ekki of nærri umhverfi og samfélagi
2.4	Veita heimamönnum tækifæri til að bjóða ferðamönnum menningu staðarins
3	Viðhalda umhverfisstjórnun jafnt og þétt
3.1	Gæta þess að mat á umhverfis- og samfélagsáhrifum sé undirstaða hverra framkvæmda auk hagrænna þátta
3.2	Taka reglulega stöðu eða úttekt á ástandi með tilliti til áhrifa atvinnurekstrar
3.3	Uppfæra sjálfbærnistefnu og -vísa innan starfsemi ferðaþjónustu
3.4	Taka mið af hönnun og landslagsskipulagi sem ýtir undir sjálfbæra landnotkun
4	Fylgja eftir stýringu til að ná árangri
4.1	T.d. draga úr mengun og útblæstri gróðurhúsalofttegunda
4.2	Spara vatn og vernda vatnsgæði
4.3	Taka á úrgangs og sorpmálum á hagkvæman hátt (t.d. minnka úrgang)
4.4	Koma í veg fyrir hávaðamengun
4.5	Styðja við endurnýtingu, endurvinnslu og lífrænum efnum sem brotna niður í náttúrunni
5	Fá ferðaþjónustuna með í lið við að styðja við menningu og umhverfisvernd
5.1	Hvetja ferðaþjónu til að virða skipulag og landnotkunaráætlun enda ættu þeir að taka þátt í skipulagsvinnu
5.2	Halda ávallt uppi merkjum umhverfisverndar og virðingu gangvart menningu, siðum og minjum fólksins á staðnum




5.3	Hvetja byrgja og þá sem þjónusta ferðapjóna, hótél og veitingastaði að fylgja ábyrgri umhverfis- og félagslegri stefnu
5.4	Vekja athygli á umhverfis- og félagslegri ábyrgð í markaðssetningu
6	Fræða og upplýsa um umhverfi og menningu svæðisins
6.1	Bæta fræðslu um ábyrga stefnu í menntun fyrir ferðapjóna
6.2	Greina ferðamönnum rétt frá umhverfis- og félagslegum högum svæðisins
6.3	Styrkja rannsóknir og þróun sem sýna áhrif ferðamennsku á umhverfi og menningu
7	Vinna með öðrum í umhverfis og félagsmálum
7.1	Vinna með öðrum að framförum í umhverfismálum og sjálfbærri þróun, til dæmis með að þróa sameiginlegar mælingar og vísa
7.2	Standa við alþjóðlega sáttmála, samninga og yfirlýsingar eins og Ísland hefur skuldbundið sig til auk íslenskra laga og tilmæla sveitarfélags

Tafla 1 Gátlisti og síðarreglur UNWTO sótt frá EarthCheck og þýtt á íslensku.

5. Stjórnun og framkvæmd verkefnisins

Umhverfivottunarverkefni sveitarfélaganna á Vestfjörðum er stýrt af Framkvæmdaráði Umhverfivottunar Vestfjarða. Í því sitja níu aðilar sem sveitarfélögin tilnefna í ráðið til fjögurra ára í senn við lok kosninga.



Mynd 9 Skipurit og verkaskipting

Ráðið skal kjósa sér formann við upphaf kjörtímabils sveitarstjórna og starfar hann samkvæmt erindisbréfi. Milli 2012 og 2018 sinnti Fjórðungssamband Vestfirðinga daglegu vafstri verkefnisins skv. samþykktum Fjórðungsþings 2012. Árið 2018 tók Vestfjarðastofa við umsýslunni en síðar starfsmenn

Náttúrustofu Vestfjarða. Frá byrjun árs 2019 hafa tveir verkefnastjórar séð um verkefnið, annar í um 10% starfi en hinn um 33%.

Helstu hlutverk starfsmanna eru áætlanagerð, fræðsla, öflun gagna og aðstoð við sveitarfélög til að hrinda í framkvæmd áætlunum og eftirfylgni verkefna. Verkefnastjórar safna upplýsingum frá sveitarfélögum vegna mælinga sjálfbærnisá, skila viðmiðunartölum árlega til EC og sjá um samskipti við EC. Sveitarfélögin hafa skipað „Grænt teymi“ en í því sitja þrjú aðilar. Einn frá norðanverðum Vestfjörðum, annar frá sunnanverðum Vestfjörðum og sá þriðji frá Ströndum. Verkefnastjóri heldur fundi með teyminu einu sinni í mánuði. Þá er farið yfir hvað er að gerast í verkefninu og ýmsar hugmyndir ræddar. Mynd 8 sýnir skipuritið.

6. Afmörkun verkefnisins

Til að auka sjálfbærni í starfi sveitarfélaganna er hægt að fara margar leiðir. EC krefst þess að hægt sé að sýna mælanlegar framfarir á ákveðnum sviðum. Umhverfissvottunarkerfið fylgist náið með nokkrum skilgreindum þáttum og sýnir framfarir með tölulegum gildum. Bætt frammistaða sést í því hvort að viðmið standist og hvort bæting hafi orðið. Framkvæmdaáætlunin er sýnileg á vef Vestfjarðastofu og einnig er hún kynnt árlega þannig að íbúar geta tekið þátt og bent á tiltekin mál sem þá væri hægt að bæta inn á framkvæmdalistann ef fjármagn er til og markmið raunhæf.

Vestfjarðastofa hefur opnað Facebook-síðu sem ber heitir Náttúrulega Vestfirðir. Hópurinn er opin svo að almenningur getur spurt eða leitað ráða og komið með uppástungur um umhverfisvernd í verki.

Meginforsendur Umhverfissvottaðra Vestfjarða eru:

- Að bæta frammistöðu sveitarfélaganna á þeim lykilsviðum og stöðlum sem EC leggur áherslu á. Þetta er gert með vísun í sjálfbærnisá hvers sviðs.
- Að hvert sveitarfélag skrái og skili tölulegum upplýsingum varðandi auðlindanotkun. Þær nýtast til að reikna breytingar á sjálfbærnisum og samanburð við lágmarkskröfur og bestu viðmið annars staðar frá svo kallað „Benchmarking“.
- Að stjórnun og stefnumótun innan verkefnisins sé skýr. Lykilmenn sveitarfélaganna koma þar að.
- Að gögn sýni að sjálfbær þróun sé viðmiðið í fjölbreyttu, daglegu starfi sveitarfélaga.
- Að í verklagi sveitarfélaga sé að farið eftir gildandi lögum og reglugerðum, að öryggismál séu í lagi og fyrir hendi séu viðeigandi viðbragðsáætlanir og áhættumat.
- Að almenningur fái reglulegar kynningar og áminningu um umhverfisverkefnið, þannig að íbúar geti fylgst með og auðveldlega lagt sitt af mörkum.
- Að verkefni taki mið af vilja íbúa í umhverfismálum óháð kröfum EC. Því má bæta við sjálfbærnisum ef almennur vilji er fyrir slíku.



7. Hvað er skoðað í umhverfisvottun?

Vottun EC er í raun úttekt og viðurkenning þriðja aðila á því að viðkomandi sveitarfélag sé að vinna þá umhverfisvinnu sem það segist stefna að. Vottunin veitir ramma um umhverfisstarf fyrirtækja og sveitarfélaga og gerir kröfu um jafnar og ákveðnar framfarir frá ári til árs. Og fylgst er ferli vöru og þjónustu frá notkun auðlinda, nýtingu og úrgangi. Vottunin er líka öryggisstimpill gagnvart neytendum sem vita að þar er stefnt að sjálfbærari framtíð.

EC skoðar 12 lykilsvið sem taka mið af umhverfis- og samfélagsþáttum sem mikilvægir eru í hnattrænu samhengi. Skylda er að greina frá 16 sjálfbærnisvísnum innan þessa 12 lykilsviða (2. tafla) en hægt er að bæta við valkvæðum vísnum eins og við á. Gögnum vegna sjálfbærnisvísna (Benchmarking tölur) er skilað árlega og reiknar EC út einkunn út frá þeim tölum. Samtökin hafa sett viðmið um lágmarksframmistöðu fyrir hvern sjálfbærnisvísi. Helmingur sveitarfélaga þarf að náð því lágmarki til að standast kröfur. EC hafa setta hærri viðmið og ef þeim er náð telst það vera framúrskarandi árangur. Gert er ráð fyrir að einungis um 20% sveitarfélaga geti náð svo langt.

Sveitarfélögin eiga að móta skráningarkerfi til að vakta auðlindanotkun og úrgangsstreymi í sveitarfélögunum. Grunninn að skráningarkerfi má þó sækja til verkefnastjóra til að nota sem ramma um skráningu. Með því að nýta skráningarkerfi eins og EC mælist til eykst gagnsæi, samanburður er auðveldari og sveitarfélögin geta fengið betri yfirsýn.

Með bættri yfirsýn er m.a. hægt að:

- Draga úr kostnaði.
- Auðvelda skýrslugjöf og kynningar um frammistöðu.
- Bæta umhverfisvernd og ná sjálfbærnimarkmiðum.
- Stuðla að vottun og staðfesta ákveðin gæði.
- Sjá betur eigin framfarir
- Sýna gestum og íbúum hvaða framförum hefur verið náð
- Bæta almenningsálit og umtal.



Tafla 2 Lykilsvið EarthCheck og sjálfbærnisvar sem sveitarfélögin á Vestfjörðum nota

Lykilsvið	Sjálfbærnisvar
	Skylduvísir
1. Losun gróðurhúsalofttegunda	Losun koltvísýrings (CO ₂) á mannár í tonnum
2. Orkunotkun, -sparnaður og –stjórnun	Orkunotkun á mannár í MJ
3. Stjórnun ferskvatnsauðlinda	a. Notkun neysluvatns á mannár í rúmmetrum b. Einkunn fyrir aðgerðir til vatnssparnaðar
4. Verndun og stjórnun vistkerfa	Flatarmál svæða sem vernduð eru vegna innlands lífríkis, sem hlutfall af heildarflatarmáli svæðisins
5. Stjórnun félagslegra og menningarlegra áhrifa ferðaþjónustunnar	Fjöldi vottaðra ferðaþjónustufyrirtækja sem hlutfall af heildarfjölda ferðaþjónustufyrirtækja á svæðinu
6. Skipulags- og byggingarmál	Flatarmál grænna svæða sem hlutfall af heildarflatarmáli svæðisins
7. Félagshagfræðilegur ávinningur svæðisins af ferðaþjónustu	Engir skilgreindir sjálfbærnisvar
8. Verndun loftgæða og stjórnun hávaða	a. Losun köfnunarefnisoxíða (NO _x) á hektara b. Losun brennisteinsoxíða (SO ₂) á hektara c. Magn svifryks (PM ₁₀) á hektara
9. Stjórnun fráveitumála og yfirborðsvatns	Vatnssýni sem standast gæðakröfur, sem hlutfall af öllum vatnssýnum sem tekin eru
10. Stjórnun úrgangs á föstu formi	a. Magn úrgangs til urðunar á hvert mannár b. Hlutfallsleg endurvinnsla úrgangs c. Hlutfallsleg notkun umhverfismerkrar pappírsvöru
11. Geymsla og notkun efna sem eru skaðleg umhverfinu	a. Hlutfall varnarefna, sem eiga sér lífrænan uppruna og brotna niður í náttúruleg efni eftir notkun, af heildarnotkun varnarefna. b. Hlutfallsleg notkun umhverfismerkra hreinsiefna 12. Verndun
12. Verndun menningarminja	Engir skilgreindir sjálfbærnisvar

8. Sjálfbærnistefna Vestfjarða

Í samræmi við staðal EC hafa sveitarfélögin á Vestfjörðum komið sér saman um stefnu um sjálfbæra þróun á svæðinu. Stefnan var fyrst samþykkt í janúar 2014 og er hún endurskoðuð árlega samkvæmt reglum EC. Stefnan er birt hér í heild sinni enda er hún grunnurinn að framkvæmdaáætlun.



Sameiginleg stefna sveitarfélaga á Vestfjörðum um sjálfbæra þróun í umhverfislegu og félagslegu tilliti

Sveitarfélögin á Vestfjörðum, Árneshreppur, Bolungarvík, Ísafjarðarbær, Kaldrananeshreppur, Reykhólasveit, Strandabyggð, Súðavíkurbreppur, Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð samþykkja sameiginlega stefnu um að Vestfirðir verði umhverfisvænt og sjálfbært samfélag þar sem áhersla er lögð á að vernda umhverfi, sögu, minjar og landslag fyrir komandi framtíð. Sveitarfélögin einsetja sér að vinna stöðugt í átt að sjálfbærni í starfsemi sinni og horfa til náttúru- og landverndar. Þar með setja þau fordæmi fyrir fyrirtæki, íbúa og stofnanir á svæðinu til að feta sömu braut. Sveitarfélögin munu kynna stefnuna og árangurinn og skapa þannig jákvæðari ímynd af afurðum og þjónustu á svæðinu. Þau leggja áherslu á gott starfsumhverfi á Vestfjörðum fyrir ferðaþjónustu og sýna öðrum atvinnuvegum gott fordæmi. Sveitarfélögin stefna að því að minnka útblástur gróðurhúsalofttegunda.

Sveitarfélögin á Vestfjörðum leitast við að fylgja ákvæðum alþjóðlegra samþykktu og innlendra áætlana um umhverfisvernd, auk þess sem fylgt er íslenskum lögum, reglugerðum, samningum og samþykktum sem falla undir málefni umhverfisstefnunnar. Einnig er fylgt siðareglum ferðamálastofnunar Sameinuðu Þjóðanna (UNWTO). Þetta nær einnig til þess ramma sem EarthCheck vottunin setur um úttekt og vottun og byggir á siðareglum APTA og APEC.

Sveitarfélögin á Vestfjörðum beita fyrirbyggjandi aðgerðum til að koma í veg fyrir rýrnun náttúrulegra og félagslegra gæða og hvetja alla Vestfirðinga og gesti til að fylgja fordæminu og efla sjálfbæra þróun í samfélaginu.

Sveitarfélögin á Vestfjörðum hafa einsett sér að:

1. Starfsemi sveitarfélaganna miði að stöðugum framförum í umhverfislegu, hagrænu og félagslegu tilliti í anda sjálfbærrar þróunar með hliðsjón af ársskýrslum EarthCheck fyrir svæðið.
2. Nýta vinnuafli, vörur og þjónustu af svæðinu að því marki sem mögulegt er og efla þannig hagkerfi í heimabyggð.
3. Starfa í anda samfélagslegrar ábyrgðar og hvetja fyrirtæki til þess sama. Leiðarljós er að efla samhug, samheldni og samskipti fólks, samþætta menningu, atvinnu og umhverfismál.

Sveitarfélögin á Vestfjörðum vilja efla samskipti við alla hagsmunaaðila og tryggja samræmdar aðferðir við að ná framúrskarandi árangri í umhverfis- og félagsmálum. Skilvirk miðlun upplýsinga á vefsvæðum og í ársskýrslum er liður í því, svo og gott samráð um starf sveitarfélaganna að sjálfbærri þróun í anda Staðardagskrár 21 og loftslagsráðstefnunnar í París 2020. Sveitarfélögin á Vestfjörðum vinna sameiginlega og hvert í sínu lagi að eftirfylgni framkvæmdaáætlunar. Kaupi inn aðföng og sinni úrgangsmálum í samræmi við þessa stefnu.

Þessi stefna var fyrst formlega samþykkt af öllum hlutaðeigandi sveitarstjórnnum og kynnt íbúum í maí 2016. Síðasta endurskoðun maí 2020.



9. Verkefni framkvæmdaáætlunar 2020-2025

Í þessum kafla eru sett upp þau verkefni sem stefnt er að vinna að á árunum 2020–2025. Verkefnin eru fjölbreytt og þurfa sveitarfélögin á Vestfjörðum að passa upp á að þau séu unnin í takt við framkvæmdaáætlunina. Sum þessara verkefna eru að kröfu EC og því þarf að vinna þau á hverju ári. Önnur eru verkefni sem Framkvæmdaráð þarf að setja upp í hverju sveitarfélagi fyrir sig og þarf að vinna á lengri tíma. Framkvæmdaáætlunin er svo tekin og endurskoðuð ár hvert og er þá hægt að bæta við verkefnum sem þykja aðkallandi.

Forsendur verkefna byggjast á fjórum reglum sem gott er að hafa til hliðsjónar:

1. Siðareglur frá UNWTO og stefnan vitnar í og ASPEC fyrir ferðaþjónustusamtök fyrir Asíu.
2. Lykilvið EC sem krafist er að séu uppfyllt.
3. Skráningarkerfi umhverfisstofnunar um sorpförgun.
4. Nýjar áherslur sem koma ýmist fram í markmiðum sameinuðu þjóðanna, í Parísarsáttmálanum frá 2015 um aðgerðir gegn loftslagsbreytingum og Íslendingar hafa gengist undir (sjá mynd 1).

Hér á eftir fylgja tvær töflur. Tafla 3 sýnir þau verkefni sem voru á framkvæmdaáætlun til ársins 2019. Æskilegt er að öll sveitarfélög nái að merkja við þau sem full-framkvæmd og ánægjulegt er að mörg eru komin á lokastig þótt sumum þurfi stöðugt að sinna. Umhverfivottun

Tafla 3 Verkefni á framkvæmdaáætlun ársins 2014-2020 verkefni á framkvæmdastigi hjá flestum

Árleg EC verkefni – í framkvæmd nú þegar og verður haldið áfram:

- Kynning á verkefninu fyrir almenning
- Kynning verkefnisins – árlegar viðmiðunarskýrslur eftir úttekt
- Framfylgd laga og reglugerða í samræmi við uppfærslu þeirra
- Endurskoðuð framkvæmdaáætlun
- Úrbætur vegna athugasemda við síðustu úttekt
- Upplýsingasöfnun um viðmið í auðlindanotkun (benchmarkingtölur)

Önnur verkefni framkvæmd á tímabilinu:

- Kynning fyrir fyrirtæki og heimili á aðferðum til að draga úr myndum úrgangs og aukin fræðsla um flokkun sorps
- Sveitarstjórnir á Vestfjörðum samþykki að í innkaupum starfsfólks sveitarfélaganna skuli keyptar vottaðar pappírsvörur og hreinsiefni nema að varan sé ekki fáanleg á Íslandi
- Að umhverfivottaðri ferðaþjónustu og fyrirtækjum fjölgi á Vestfjörðum, enda er þeim fylgt eftir með heimsóknnum og kynningu
- Úrbætur á skráningarkerfi innkaupa
- Árlega sé skoðaður vatnsleki í öllum þéttbýlum, verklag sett



Verkefni sem ekki náðist að framkvæma og verður haldið áfram:

- Plastpokalausir Vestfirðir
- Kynning fyrir fyrirtæki, stofnanir og heimili á viðurkenndum umhverfismerkjum og merkjum fyrir lífræna framleiðslu
- Öll sveitarfélög reyni að auðvelda almenningi að taka þátt í að skila lífrænum úrgangi til moltugerðar
- Viðleitni sveitarstjórna til að stuðla að minnkandi losun gróðurhúsalofttegunda frá umferð og útgerð á svæðinu t.d. með því að skoða gerð göngu- og reiðhjólástíga, uppsetningu rafhleðslustöðva við stóra vinnustaði og bindingu í gróðri.
- Kynning fyrir fyrirtæki, stofnanir og heimili á mikilvægi þess að draga úr loftslagsbreytingum af mannavöldum og leiðum til þess
- Kynning verkefnisins - spjöld til uppsetningar á Vestfjörðum til að vekja athygli ferðamanna

Vestfjarða hefur leitt til vitundarvakningar, hreinna umhverfis, betri úrgangstjórnunar og öflugri verndunar.

Tafla 4 er hins vegar ný fimm ára framkvæmdaáætlun þar sem fram koma margar nýjar tillögur. Áherslubreytingar eru í takti við tímenn, meira sést af verkefnum sem efla félagslegt réttlæti, draga úr útblæstri og plastnotkun, sem og meðvitaðri innkaupum og öflugri kynningu.

Tafla 4 Listi af verkefnum í framkvæmdaáætlun 2020-2025 vísað er í lykilsvið EarthCheck staðals.

Verkefni	Tímabil	Ábyrgð	Llykilsvið
Skipulögð landsvæði innan hvers sveitarfélags til trjáplöntunar félagasamtaka og almennings	2020	Sveitarfélög	1
Skipuleggja svæði fyrir ræktun matjurta í gerð nýs aðalskipulags	2020-2025	Sveitarfélög	1
Kanna möguleika á endurheimt votlendis	2020-2025	Verkefnastjóri, Sveitarfélög	1
Lífrænum úrgangi safnað í öllum sveitarfélögum og nýtt í moltugerð	2020-2025	Sveitarfélög	1og 10
Koma fyrir hleðslupóstum við stofnanir sveitarfélaganna	2020-2025	Framkvæmdaráð	2
Vernda vatnsból, og fækka athugasemdum heilbrigðiseftirlits við gæði neysluvatns. Koma í veg fyrir leka í vatnsveitukerfum	2020-2025	Sveitarfélög	3
Skiplagðar árlegar fjöruhreinsanir í hverju sveitarfélagi, í samvinnu við félagasamtök o.fl.	2020-2025	Sveitarfélög	4
Skólar og leikskólar skrái sig í „Skólar á grænni grein“	2020	Sveitarfélög í samráði við fræðsluyfirvöld	5 og SP
Merkingar fyrir umhverfisvottun Vestfjarða við innkomu til Vestfjarða	2020	Verkefnastjórar	6
Láta meta hvaða áhrif verslun í heimabyggð hefur á hagkerfi svæðisins	2020-2025	Framkvæmdaráð, Sveitarfélög	7



Skoðað hver staðan er varðandi félagsleg undirboð og framkomu við erlent vinnuafli	2020-2025	Sveitarfélög (stéttarfélög)	7
Kanna möguleika á að rafvæða hafnir	2020-2025	Framkvæmdaráð	8
Skipulag nýrra lóða gefi kost á blágrænum frárennslislausnum	2020-2025	Sveitarfélög	9
Stuðningur við verkefnið „pokastöðvar“ í formi utanumhalds saumahittinga og pokastöðva-merkinga fyrir saumaða poka	2020-2025	Sveitarfélög	10
Sveitarfélögin verði plastburðar-pokalaus 2021	2020-2021	Sveitarfélög	10
Græn skref stofnana og fyrirtækja áframhald	2020-2025	Sveitarfélög	10
Draga úr úrgangi og efla enn sorpflokkun	2020-2025	Verkefnastjórar	10
Úrbætur á skráningarkerfi innkaupa og sorpmála sveitarfélaga (sbr. innkaupatöflu og UMST.	2020	Sveitarfélög	10
Kynningarstarf - FB síðan Náttúrulega Vestfirðir	2020	Verkefnastjórar Grænt teymi	Kröfur EarthCheck
Fá úttekt heilbrigðisfulltrúa á frágangi eiturefna og í áhaldahúsi og sorpsvæðum. Og samhæfa úrgangs- og sorpmál svæðis	2020-2025	Framkvæmdaráð, Sveitarfélög	10
Laga eftir þörfum geymslu og förgun varnarefna og lífrænna leysa í sveitarfélögum	2020	Sveitarfélög	11
Sveitarfélög beiti sér að því að skrá menningarminjar í tengslum við ný aðal- og deiliskipulög og kynna þær fyrir heima- og ferðamönnum	2020-2023	Framkvæmdaráð Sveitarfélög	12

10. Lokaorð

Verkefni framkvæmdaráðs og verkefnastjóra í framkvæmdaáætluninni eru fjölbreytt. Þarna eru mörg verkefni sem þarf að skoða árlega út allt tímabilið og önnur sértækari. Gert er ráð fyrir því að hægt sé að hefja, sinna árlega eða ljúka þessum verkefnum innan tímarammans.

Umhverfissvottun sveitarfélaganna á Vestfjörðum er áætlun um sjálfbæra þróun sem allir Vestfirðingar þurfa að þekkja og sinna. Upplýsingar, kynningar og önnur umfjöllun er því mikilvæg. Þannig geta íbúar og starfsmenn lagt sig fram, glaðst yfir góðum árangri og notað upplýsingarnar til að leggjast á eitt með sveitarstjórnnum, nefndarmönnum, verkefnastjórum og græna teyminu, fyrir bjarta vestfirska framtíð.

Upplýsingar, kynningar og önnur umfjöllun er mikilvæg, en verkefnastjórar koma upplýsingum á framfæri á heimasíðunni www.vestfirdir.is og á facebook undir Vestfjarðastofa og Náttúrulega Vestfirðir.



Heimildir

Árnastofnun. (e.d.). *Uppruni Íslendinga*. Sótt 09.09.2016 af:

<http://www.arnastofnun.is/page/uppruniislendinga>

Framkvæmdaráð Snæfellsness. (e.d.). *Skref í átt að vottun*. Sótt 09.09.2016 af:

<http://nesvottun.is/skref-i-att-ad-vottun/>

Náttúrufræðistofnun Íslands. (e.d.). *Steingervingar*. Sótt 10.09.2016 af:

<http://en.ni.is/geology/fossils/>

Sigurður Steinþórsson. (2009). *Af hverju eru Vestfirsk fjöll slétt að ofan en ekki tindótt?* Sótt

10.09.2016 af: <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=53262>

Sustainable Australia. (e.d.). *Objectives and Core Values*. Sótt 4.4.2018 af

https://www.sustainableaustralia.org.au/core_values

Umhverfisstofnun. (e.d.). *Friðlýst svæði*. Sótt 10.09.2016 af:

<http://ust.is/einstaklingar/nattura/fridlyst-svaedi/vestfirdir/>

Umhverfisstofnun (e.d.) Dynjandi í Arnarfirði

<https://www.ust.is/einstaklingar/nattura/fridlyst-svaedi/vestfirdir/dynjandi-i-arnarfirdi/>

Ari Trausti Guðmundsson, 1982 Ágrip af jarðfræði Íslands, Örn og Örlygur

Breiðafjarðarnefnd 2014. Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019. Stykkishólmur:

Breiðafjarðarnefnd

www.stjornarradid.is/media/umhverfisaraduneyti-

media/media/PDF_skrar/Breidafjordur_verndaraetlun_2014-2019_minnkad.pdf



Viðauki I Dæmi um skráningu

Hluti af skráningarblaði sem skila skal til Umhverfisstofnunar um förgun úrgangs sem sendur er til útlanda til endurvinnslu eða förgunar.

Meðhöndlun úrgangs árið 2015

Skráningarblað frá umhverfisstofnun um úrga

Rekstraraðili:

Tengiliður (sem fyllir út eyðublaðið):

UMHVERFISSTOFNUN

ATH! Eingöngu er óskað eftir tölum yfir þann úrgang sem rekstraraðili endurvinnur, endurnýtir eða fargar sjálfur, og yfir þann úrgang sem rekstraraðili flytur utan til meðhöndlunar.

Ekki þarf að gefa upp þann úrgang sem rekstra

Liður nr.	Kóði	Lýsing	Ekki spilliefni/Spilliefni	Magn í tonnum						
				Endurvinnsla		Endurnýting			Förgun	
				Jarðgerð	Önnur endurvinnsla ¹	Brensla með orkunýtingu	Notað sem fyllingarefni	Önnur endurnýting	Urðun	Brensla án orkunýtingar ³
1	01.1	Notaðir leysar	Spilliefni							
2	01.2	Sýrur, basar	Ekki spilliefni							
3	01.2	Sýrur, basar	Spilliefni							
4	01.3	Notaðar olíur	Spilliefni							
5	01.4	Efnaúrgangur	Ekki spilliefni							
6	01.4	Efnaúrgangur	Spilliefni							
7	03.2	Eðja frá	Ekki spilliefni							
8	03.2	Eðja frá	Spilliefni							
9	03.3	Eðja og fljótandi	Ekki spilliefni							
10	03.3	Eðja og fljótandi	Spilliefni							
11	05	Úrgangur frá	Ekki spilliefni							
12	05	Úrgangur frá	Spilliefni							
13	06.1	Málmúrgangur	Ekki spilliefni							
14	06.2	Málmúrgangur	Ekki spilliefni							
15	06.31	Málmumbúðir	Ekki spilliefni							
16	06.32	Málmúrgangur, blandaður	Ekki spilliefni							
17	07.11	Glerumbúðir	Ekki spilliefni							
18	07.12	Glerúrgangur	Ekki spilliefni							
19	07.12	Glerúrgangur	Spilliefni							
20	07.21	Pappírs- og Pappírs- og	Ekki spilliefni							
21	07.23	pappaúrgangur	Ekki spilliefni							
22	07.3	Hjólbarðar og	Ekki spilliefni							
23	07.41	Plastumbúðir	Ekki spilliefni							
24	07.42	Plastúrgangur	Ekki spilliefni							
25	07.51	Viðarumbúðir	Ekki spilliefni							
26	07.53	Viðarúrgangur	Ekki spilliefni							
27	07.53	Viðarúrgangur	Spilliefni							
28	07.53	Viðarúrgangur frá byggingar-	Ekki spilliefni							
29	07.53	Viðarúrgangur frá byggingar-	Spilliefni							
30	07.6	Textilúrgangur	Ekki spilliefni							